



21. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 7. október 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH) og Ágúst Angantýsson (ÁA).

Forföll boðaði: Jón Bender (JB).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Búið er að samþykkja fundargerðina.

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á verkefnum frá síðasta fundi

Farið yfir ýmis mál: hvernig mótaöld hefur farið af stað fyrstu vikunnar, fjármál, landsliðsmál, leyfiskerfið sem er í vinnslu, framtíðarsýnina og hefur hún verið send á félögin og hafa þau til 11. október til þess að senda inn umsögn.

3. Farið yfir lög KKÍ fyrir Körfuknattleiksþing 15. mars 2025

Farið var yfir þær breytingar sem stjórn telur að þurfi að gera á lögum sambandsins, ákveðið að fá lögfræðing til að lesa yfir og koma með athugasemdir.

4. Beiðni um breytingu á reglugerð um venslasamninga

Beiðni frá fjórum félögum um breytingu á venslasamningum. Stjórn tók vel í erindið en þar sem tímabilið er byrjað þá verður þessi breyting ekki gerð núna. Stjórn er jákvæð fyrir því að gera þessa breytingu fyrir næsta tímabil og verður þetta því tekið upp aftur í vor.

5. Girls Got Game

Verkefni sem fór af stað í Danmörku fyrir stuttu síðan og fengum við kynningu að þessu verkefni. Ákveðið að fara í verkefnið til þess að fjölga stelpum/konum í körfubolta og í kringum körfuna, fræðslunefnd mun taka málið áfram.

6. Önnur mál/upplýsinga

Enginn önnur mál.

Næsti fundur mánudaginn 4. nóvember 2024 kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:50